

Viðtal við barn

Undirbúðu barnið þitt fyrir viðtalið

– Þannig stuðlar þú að jákvæðri upplifun þess

Leiðbeiningar
fyrir foreldra

Frekari upplýsingar:

Heimasíða sýslumanns: www.syslumenn.is

Sími: 458-2000

Netfang: fjolskylda@syslumenn.is



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



SÝSLUMENN

Af hverju er rætt við barnið?

.....

Í barnalögum nr 76/2003 43. gr. er fjallað um rétt barnsins til að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem það varðar og að það skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Við vinnslu máls um forsjá, lögheimili og umgengni skal gefa barni kost á að tjá sig og þannig koma afstöðu sinni á framfæri.

Tilgangur viðtals við barn

.....

Í forsjár, lögheimilis- og umgengnismálum skal niðurstaðan ráðast af hagsmunum barnsins.

Ef foreldrar ná ekki samkomulagi um forsjá, lögheimili eða umgengni er viðtalið við barnið einn liður í gagnaöflun og niðurstöðu sýslumanns eða dómstóla. Viðtalið getur verið liður í því að aðstoða foreldra við að ná samkomulagi.

Viðtalið við barnið er þó ekki það eina sem líta ber til við lausn ágreinings eða niðurstöðu máls en afstaða barns hefur aukið vægi í takt við aldur þess og þroska.

Hvernig fer viðtalið fram?

.....

Viðtalið fer fram á skrifstofu embættis sýslumanns.

Sérfræðingur í málefnum barna ræðir einslega við barnið á meðan foreldrar bíða frammi í biðstofu.

Sérfræðingar í málefnum barna eru félagsráðgjafar eða sálfræðingar og hafa reynslu af því að ræða við börn.

Viðtalið getur varað allt frá fimm mínútum upp í einn og hálfan tíma.

Í viðtalinu er rætt um daglega líðan barnsins og hvort það hafi óskir eða væntingar m.t.t. tilhögunar á forsjá, lögheimili eða umgengni.

Sérfræðingur ræðir við barnið um upplifanir þess af samskiptum foreldra og líðan þess í aðstæðum á heimili og í umgengni.

Viðtalið er ekki aðeins upplýsingaviðtal, börnum býðst einnig ráðgjöf í tengslum við viðtalið á meðan á því stendur.

Hvað er skráð úr viðtalinu?

.....

Sérfræðingurinn skrifar skýrslu um viðtalið við barnið.

Í samvinnu við barnið er ákveðið hverju skal miðla í skýrslunni og til foreldra á kynningarfundum.

Samkvæmt 75. grein barnalaga er sýslumanni heimilt að takmarka aðgang að gögnum er veita upplýsingar um afstöðu barns ef ætla má að það geti reynst barni skaðlegt eða sambandi barns og foreldris.

Hvernig hjálpa ég barninu mínu?

.....

Reynslan sýnir að mörg börn hafa áhyggjur af því að foreldrarnir:

Verði reið eða leið vegna þess sem barnið sagði í viðtalinu.

Muni yfirheyra barnið um viðtalið.

Reyni að hafa áhrif á hvað barnið eigi að segja í viðtalinu.

Eftir viðtalið er mikilvægt að hrósa barninu hvort sem viðtalið stóð yfir í fimm mínútur eða einn og hálfan tíma. Segðu barninu að ef það vilji ræða um viðtalið þá munir þú gjarnan hlusta.

Hvernig undirbýrðu þú barnið?

.....

Þú getur sagt barninu:

- *Að fullorðna fólk sé að vinna að því að finna lausn og þess vegna vilji þau gjarnan heyra afstöðu barnsins.*
- *Að viðtalið sé tækifæri barnsins til koma sjónarmiðum sínum á framfæri.*
- *Að barnið ákveði sjálft hversu lítið eða mikið það vilji segja.*
- *Að það sem barninu þyki mikilvægt verði skrifað niður svo mamma og pabbi geti farið yfir það síðar.*
- *Að barnið sjálf ráði því hvað eigi að koma fram í skýrslu.*
- *Að sérfræðingurinn sé þarna fyrir barnið, til að hlusta á það og aðstoða.*
- *Að mörg börn fari í viðtöl vegna slíkra mála og flestum þeirra líði vel með að segja frá afstöðu sinni.*